

Haustfundur, 3. nóvember kl. 17.00

Árlegur haustfundur Félags landfræðinga verður haldin á Hótel Sögu, Ársal, kl. 17.00, föstudaginn 3. nóvember. Léttar kaffiveitingar verða í boði og eftir fundinn verða samantekin ráð um mat og drykk. Haustfundurinn í ár verður með því sniði að fyrst mun formaður félagsins, Dr. Edward H. Huijbens flytja stutt ávarp um stöðu og starfsemi félagsins. Að því loknu mun aðalfyrirlesari kvöldsins Dr. Guðmundur Ómar Friðleifsson kynna rannsóknir sínar og þá helst stöðu Djúpborunarverkefnis ÍSOR.

Verkefnið hófst fyrir 6 árum hjá ÍSOR. Markmiðið er að bora holur niður á 4-5 km dýpi og ná úr þeim 500°C heitri gufu. Ef vel tekst til gæti ein slík hola gefið allt að 50 MW rafafli. Til samanburðar gefur hver meðal háhitahola um 5 MW. Til stóð að dýpka 3 km holu á Reykjanesi niður í 4 km dýpi í næsta mánuði, en í byrjun þessa árs kom í ljós að holan reyndist ónothæf. Sem stendur er útlit fyrir að fyrsta holan verði boruð í Kröflu 2008 og er unnið af kappi að því að svo geti orðið. Guðmundur mun í erindinu kynna grundvöll verkefnisins og framtíðarsýn.

Guðmundur tók B.Sc. próf til 120 eininga 1976 - líklega sá fyrsti í slíku fjögurra árs námi hjá jarðfræðiskor. Að því loknu hélt Guðmundur til Edinborgar 1977 og lauk þaðan PhD prófi 1983. Doktorsverkefni Guðmundar fjallaði um kortlagningu á Geitafellseldstöðinni í Hornafirði með sérstöku tilliti til jarðhitaummyndunar og jarðhitasögu - og ekki síst um það að skoða varmaskiptin milli heitra innskota og háhitakerfisins í kring. Eldstöðin er rofin niður á 2 km dýpi svo hægt var að skyggjast djúpt í innviðina. Guðmundur hóf sumarstörf hjá Orkustofnun (OS) 1971 með námi og fullt starf 1975, þó með hléum á meðan á dr. námi stóð.

Dr. Guðmundur Ómar Friðleifsson, kl: 17.00, föstudaginn 3. nóvember Hótel Saga, Ársal.

Takið eftirmiðdaginn og kvöldið frá!

Nýnemakynning og bjórkvöld

Nýnemakynning og bjórkvöld var haldið í Stúdentakjallaranum að Hringbraut 21. september 2006 og var mæting með besta móti. Salurinn var fullur sem reyndar helgaðist af vikulegri spurningakeppni á barnum (bar-quiz). Þegar á menn var gengið kom í ljós að all nokkrir höfðu komið til að kynnst Félagi landfræðinga, eftir að stjórn hafði auglýst gegnum Fjallið, félag jarð og landfræðinema.

Undanfarin ár hefur Félag landfræðinga reynt að húa saman félagsmönnum á óformlegan hátt undir formerkjum bjórkvölda. Slík hafa ekki borið mikinn árangur og mæting verið afar dræm.

Stjórnin vildi hinsvegar ómögulega missa þennan lið úr árlegri dagskrá félagsins, enda er hann á sínum tíma tilkominn vegna óska félagsmanna. Þannig var ákveðið að hefja starfsveturinn með bjórkvöldi en samtímis kynna starfsemi félagsins fyrir nemum í jarð og landfræðiskor Háskóla Íslands. Þessi kynning fór þannig fram að útbúið var dreifirit með merki félagsins, markmiðum þess, sem og upplýsingum um hverjir eru þar í stjórn og hvað þeir starfa. Er stefnt að því að gera þetta að árvissum viðburð um miðjan september og reyna markvisst að bæta kynningarefni.


Fyrir hönd stjórnar voru mætt þau Björn Traustason, varaformaður og Anna Fanney Gunnarsdóttir, meðstjórnandi. En félagsmenn voru ekki á staðnum. Má búast við að þar hafi boðun eitthvað misfarist en svo virðist sem tölvupóstlisti félagsins sé kominn á viðhaldstíma og stendur stjórn nú fyrir tölvupóstfangssöfnun meðal félagsmanna (sjá bakhlið)

Landabréfið 2007

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2007. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. maí 2007. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistösk og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: kben@hi.is



Á RÖNGUNNI..

Stjórnin skrifar sögu félagsins

Ekki er seinna vænna en að fara að skrásetja sögu félagsins áður en elstu menn og konur hætta að muna eða halda í himnasæluna. Stjórninni þótti tímabært að fara að skrá sögu félagsins sem er nú orðin nokkuð löng og á tímum flókin frá því það var fyrst stofnað.

Hluti af þessu verkefni er söfnun á öllum gömlum Landpóstum og Landabréfum til 2000. Að neðan er listi yfir þau gögn sem við þegar höfum skannað inn og munu koma á nýja heimasíðu. Hinsvegar vantar mikið. Þeir félagsmenn sem eiga eitthvað af því sem vantar eða vilja leggja eitthvað til málanna er þeir telja varða sögu félagsins eru endilega beðnir um að koma því á framfæri til formanns, Edward H. Huijbens (Kringlumýri 35, 600 Ak.) eða gegnum tölvupóst: edward@unak.is.

Landabréf fréttabréf Landfræðifélagsins

Árg. 1: 1979	tölublað: 2, 3
Árg. 2: 1980	tölublað: 1, 2, 3
Árg. 3: 1981	tölublað: 1
Árg. 4: 1982	tölublað: 1, 3
Árg. 5: 1983	tölublað: 1, 3
Árg. 6: 1984	tölublað: 1
Vantar???	
Dularfullt blað	
Árg. 3: 1987	tölublað: 2

Landpósturinn fréttabréf Félags landfræðinga

Árg. 1: 1989	tölublað: 1, 2
vantar 90, 91, 92	
Árg. 5: 1993	tölublað: 1, 3
Árg. 6: 1994	tölublað: 2, 3, 4
Vantar 1995	
Árg. 8: 1996	tölublað: 3
Árg. 9: 1997	tölublað: 2, 3
Árg. 10: 1998	tölublað: 5
Vantar 1999	

Uppfærsla á tölvupóstfangi

Ósk okkar í stjórninni er að hafa greiddann aðgang að félagsmönnum með tilkynningar og upplýsingar sem eiga erindi til félagsmanna. Þannig getur félagið brugðist við ef tækifæri láta á sér kræla, svo sem óvænt heimsókn fræðafólks innan greinarinnar eða upplýsingar um erindi sem hafa borist félaginu til umsagnar.

Við viljum því biðja ALLA félagsmenn að fylla inn eyðublaðið að neðan, klippa við brotalínu og senda á pósthólf félagsins.

-----<-----

Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Nafn:

Óska EKKI eftir að vera á lista félagsins

Óska eftir að vera á lista félagsins

Tölvupóstfang (prentað):